

Fartölvutrygging

Vátryggingarskilmáli nr. E-20

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um vátrygginguna gilda vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Bótasvið

1. gr. Hið vátryggða – hver er vátryggður?

- 1.1 Vátrygging þessi tekur til fartölvu og fylgihluta hennar sem eru skráðir á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ekki er vátryggður eldri búnaður en fjögurra ára og fellur bótaskylda félagsins því niður þegar fjögur ár eru liðin frá kaupum nýs búnaðar.
- 1.2 Vátryggður er eigandi þeirrar fartölvu sem tiltekin er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Bótasvið vátryggingarinnar

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks, sem gerist án vilja vátryggingartaka eða umráðamanns fartölvunnar og eru ekki undanskilin annarsstaðar í skilmálum þessum.

3. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki eftirfarandi tjónsatvik:

- 3.1 Tjón sem orsakast af hita- og/eða rakabreytingum.
- 3.2 Tjón vegna framleiðslu- eða efnisgalla svo og tjón vegna rangra tenginga, rangrar rafspennu eða rangrar samsetningar.
- 3.3 Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, ónógs viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 3.4 Tjón vegna tæknilegra bilana, bilana í dagsetningar- eða hugbúnaði, gangtruflana eða titrings á skjámyndum.
- 3.5 Tjón vegna tapaðra eða skemmdra gagna og /eða hugbúnaðar.
- 3.6 Tjón sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- 3.7 Tjón sem verða þegar hið vátryggða gleymist, týnist, misleggst eða er skilið eftir á almannafæri.

4. gr. Varúðarreglur

- 4.1 Vátryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins vátryggða hlutar. Vátryggðum ber að læsa tryggilega hýbýlum, bifreiðum, bátum, loftföllum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannlusir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu vátryggða.
- 4.2 Vátryggður, heimilisfólk hans eða starfsmenn skulu fara með vörslur og umsjón hins vátryggða. Sé hið vátryggða afhent öðrum til vörslu eða umsjónar ber að fá samþykki félagsins fyrir því.

5. gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

6. gr. Vátryggingarfjárhæðir

Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

7. gr. Uppgjör tjóns

Bætur eru greiddar, að fráreginni eigin áhættu, fyrir vinnu og varahluti við lagfæringu fartölvunnar þannig að hún komist í sama ástand og hún var fyrir tjónið. Einnig er greiddur eðlilegur útlagður kostnaður við flutning hins vátryggða til viðgerðar.

Þegar um alltjón er að ræða fara bætur eftir aldri fartölvunnar sem miðast við dagsetningu þess vátryggingarskírteinis, þegar vátryggingin var fyrst keypt, nema önnur dagsetning sé tilgreind sérstaklega í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Miðast þá hámarksbætur við eftirfarandi töflu:

Aldur	Hlutfall hámarksbóta búnaðar af vátryggingarfjárhæð
Mánuðir frá- til	%
0 -12	100
13- 18	88
19- 24	75
25- 30	62
31- 36	50
37- 42	38
43- 48	25

Alltjón kallast það þegar viðgerðarkostnaður er jafn hár eða hærri en hámarksbætur samkvæmt töflunni. Eigin áhætta kemur til frádráttar bótum sem þannig eru reiknaðar.

2. kafli. Almenn skilyrði

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar vátryggingar eftir því sem við á.

1. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

- 2. gr. Varúðarreglur**
Vátryggður og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 3. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum**
Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.
- 4. gr. Réttur þriðja manns- Samsömum**
- 4.1 Vátrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á vátryggingarskírteini. Meðvátryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en vátryggður.
- 4.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggðs.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019